

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni, önnur framlög sem berast kunna sjóðnum og vaxtatekjur.

7. gr.

Stjórn Menningar- og styrktarsjóðs ráðstafar fé, og ákveður úthlutun eftir eigin frumkvæði eða samkvæmt umsóknum aðila búsettum í Reykjavík og nágrenni. Árleg úthlutun má þó aldrei skerða bundið stofné kr. 1 milljón sbr. 2. gr.

8. gr.

Eingöngu aðalfundur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis getur tekið ákvörðun um breytingar á skipulagsskrá þessari eða að leggja sjóðinn niður. Meirihluti stjórnar Menningar- og styrktarsjóðs Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis getur gert tillögur til breytinga á skipulagsskránni til aðalfundar sparisjóðsins. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til menningarmála í Reykjavík, skv. nánari ákvörðun aðalfundar.

Áður en þær breytingar sem að framan greinir koma til framkvæmda þarf til samþykki ráðherra sbr. 6. gr. laga nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. júlí 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um friðlýsingu æðarvarps og selláttra í Strandasýslu.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, samanber reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, er hér með ákveðin friðlýsing alls æðarvarps innan marka Strandasýslu, umdæmis sýslumannsins á Hólmavík.

Jafnframt er, samkvæmt 15. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, friðlýst sellögnum og sellátrum öllum í Strandasýslu.

Sýslumaðurinn á Hólmavík, 20. júlí 1995.

Hjördís Hákonardóttir, sett.